

Fundargerð 58. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 7. mars kl. 12:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO

Bryndís Guðlaugsdóttir ráðgjafi hjá KPMG kynnti fyrstu drög að stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga. Í kjölfarið fóru fram umræður.

Bryndís mun uppfæra drögin m.t.t. þeirra atriða sem komu fram hjá fundarmönnum.

2. Þjónustusamningur Samtaka orkusveitarfélaga við Samband íslenskra sveitarfélaga - 2212001SO

Lagður fram þjónustusamningur Samtaka orkusveitarfélaga við Samband íslenskra sveitarfélaga. Engar athugasemdir voru gerðar.

Stjórn samþykkir þjónustusamninginn. Formanni falið að undirrita samninginn.

3. Fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu - 2202003SO

Lagðar fram til kynningar tvær fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu, dagsettar 21.02.2023 og 28.02.2023.

4. Önnur mál - 2011004SO

Í kjölfar fréttatilkynningar frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 17. febrúar 2023 hefur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga óskað eftir því að fulltrúar í stjórn Samtaka orkusveitarfélaga komi inn á næsta fund stjórnar sambandsins.

Stjórn samþykkir að Ása Valdís Árnadóttir, Jónína Brynjólfsdóttir og Haraldur Þór Jónsson fari fyrir hönd stjórnarinnar á fund stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 14:00

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Jónína Brynjólfsdóttir

Einar Kristján Jónsson